

Úr Krikanum

Ágætu vallargestir,

Þótt fátt sé jafn þreytandi og miðaldra menn að rifja upp þá gömlu góða daga þegar þeir gátu spilað fótbolta þá ætla ég aðeins að minnst á mín ár í meistaraflokki FH. Við sem komum FH í efstu deild í fyrsta skipti fyrir þrjátíu árum vorum á margan hátt sérstakur hópur. Þarna voru margir mjög góðir knattspyrnumenn og enn betri spaugarar. Við áttum marga léttu spretti á vellinum en að lokum enduðum við yfirleitt í æsispennandi botnbaráttu. Það skorti ekki knattspyrnugetu í mannskapinn en með nokkrum áberandi undantekningum þá náði metnaður leikmanna ekki lengra en að fá að spila í efstu deild.

Þótt ég hafi ekki unnið til meiri háttar titla með FH þá er ánægjulegt að hafa verið hluti af starfsemi sem skilað hefur einu öflugasta knattspyrnufélagi á landinu. Það voru aðeins stórhuga menn eins og Árni Ágústsson og Bergþór Jónsson sem fyrir 40 árum sáu fyrir sér glæsilegan keppnisvöll og fyrsta flokks lið þegar aðstaðan var hluti af malarvelli á Hvaleyrarholti og keppnistreyjur í yngri flokkum voru hvítir nærbolir sem hver leikmaður lagði til.

Hin síðari ár hefur stuðningur minn skipst nokkuð jafnt á milli tveggja svarthvítra félaga, FH og KR. Eins og svo margir aðrir lenti ég í því að börnin fóru að keppa með öðru félagi en ég, svo leiðir eitt af öðru og áður en maður veit af hafa myndast tilfinningabönd við hið nýja félag. Á margan hátt hefur það verið ánægjuleg reynsla að vera KR-ingur. Sérstaklega hefur verið gaman að styðja félag sem verður Íslandsmeistari í efstu deild karla, en það er nokkuð sem ég býð enn vongóður eftir að fá að reyna með FH.


Íslandsmótið í ár er að þróast á svipaðan hátt og í fyrra. Allir geta tekið stig af öllum og ekkert lið sker sig verulega úr í getu. Við slíkar aðstæður skiptir andlegur styrkur og metnaður leikmanna miklu máli. Liðið sem stendur uppi sem sigurvegari lokin er ekki nauðsynlega besta knattspyrnuliðið heldur ákveðnasta og frekasta liðið. Núverandi leikmenn FH eru nógu góðir knattspyrnumenn til að vinna titilinn en þeir eiga enn eftir að sanna að þeir séu nógu ákveðnir til að rífa hann af helstu keppinautum sínum, KR, Fylki og ÍA.

Í síðustu tveimur leikjum hefur mátt greina ánægjulegar vísbendingar um að FH-liðið sé á réttri leið. Leikurinn í kvöld gegn Grindavík verður ekki auðveldur. Grindavíkurliðið er vel skipulagt með nokkra stórhættulega leikmenn. En ætli FH sér að hampa titli í haust þá dugar ekkert minna en sigur í kvöld.

Með baráttukveðju,
Friðrik H. Jónsson



LANDSBANKA
DEILDIN



23. júní 2004

Kaplakrikavöllur
Klukkan 19:15

Næstu leikir:

Mfl. karla Fram – FH 28. júní
Mfl. kvenna Fjölnir – FH 25. júní

Síðustu leikir liðanna:

FH - ÍBV	2:1
Ægir - FH	0:5
ÍA - FH	2:2

KA - Grindavík	1:1
Selfoss - Grindavík	0:2
Grindavík - KR	0:0

Markahæstu menn:

FH:

Ármann Smári Björnsson	2
Tommy Nielsen	2
Ásgeir Gunnar Ásgeirsson	1

Grindavík:

Grétar Hjartarson	4
Sinisa Kekic	1

Staðan stig net

1. Fylkir	14	6
2. KR	11	2
3. Keflavík	10	-2
4. ÍBV	9	4
5. ÍA	9	2
6. FH	9	1
7. Grindavík	7	-1
8. KA	7	-1
9. Fram	5	-4
10. Víkingur	1	-7

Leikskráin:

Ábyrgðarmaður:

Guðmundur Arni Stefánsson

Umsjón með útgáfu:

Númi Arnarson og
Viðar Hrafn Steingrímsson (fhingar.net)



- aðalstyrktaraðili
Knattspyrnudeildar FH



stafræna

hugmyndasmiðjan

Fáðu þér nafnspjöld í lit, mjög ódýr...

...öll svo öll prentun

...hratt og örugglega

www.smidjan.is



Nr.	Nafn
1	Daði Lárusson
2	Magnús Ingi Einarsson
3	Simon Karkov
4	Tommy Nielsen
5	Freyr Bjarnason
6	Ásgeir Gunnar Ásgeirsson
7	Jónas Grani Garðarsson
8	Baldur Bett
9	Sigmundur P. Ástþórsson
10	Heimir Guðjónsson
11	Jón Þorgrímur Stefánsson
12	Ágúst Bjarni Garðarsson
13	Róbert Örn Óskarsson
14	Guðmundur Sævarsson
15	Ármann Smári Björnsson
16	Birgir Jóhannsson
17	Atli Viðar Björnsson
18	Hermann Albertsson
19	Viðir Leifsson
20	Sverrir Garðarsson
21	Atli Guðnason
22	Allan Borgvardt
23	Heimir S. Guðmundsson
24	Davíð Örvar Ólafsson
25	Emil Hallfreðsson
26	Þorgeir Arnar Jónsson

Þjálfarar FH:

Ólafur Jóhannesson og Leifur Garðarsson



Nr.	Nafn
1	Albert Sævarsson
2	Michael J Jónsson
3	Ray Anthony Jónsson
4	Aleksander Petkovic
5	Gestur Arnar Gylfason
6	Óðinn Árnason
7	Óli Stefán Flóventsson
8	Ian Paul McShane
9	Sinisa Kekic
10	Eysteinn Húni Hauksson
11	Grétar Ólafur Hjartarson
12	Helgi Már Helgason
14	Jóhann H. Aðalgeirsson
15	Slavisa Kaplanovic
16	Snorri Birgisson
17	Heiðar Ingi Aðalgeirsson
18	Sveinn Þ. Steingrímsson
19	Guðmundur A. Bjarnason
20	Óskar Örn Hauksson
21	Orri Freyr Óskarsson
22	Eypór Atli Einarsson
26	Páll Guðmundsson
27	Símon G. Þorsteinsson

Þjálfari Grindavíkur:

Zeljko Sankovic

Dómari leiksins:

Gylfi Þór Orrason